DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Svansmerkið · Prentgripur 1041 0858

Nr. 2570 Síðan 1968 52. árgangur

Miðvikudagur 28. október 2020

dfs@dfs.is – vefútgáfa: dfs.is
Sími 482 1944 · Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Mikill fjöldi umsókna í Uppbyggingarsjóð Suðurlands haustið 2020

Í síðustu viku rann út umsóknarfrestur til að sækja um styrk í Uppbyggingarsjóð Suðurlands. Mikill fjöldi umsókna barst sjóðnum eða samtals 165 umsóknir. Umsóknirnar skiptast í eftirfarandi tvo flokka, menningarverkefni samtals 93 umsóknir og atvinnu- og nýsköpunarverkefni samtals 72 umsóknir.

Mynd: Hjörtur Leví

Samfélagsleg verðmætasköpun

Við ræddum við Bjarna Guðmundsson, framkvæmdastjóra Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga um uppbyggingarsjóðinn. „Það er ánægjulegt að sjá þann fjölda verkefna sem sækir um í sjóðinn þetta árið. Á þessum tímum er nauðsynlegt að skapa sóknarfæri til framtíðaruppbyggingar. Við höfum séð það, sem komum að starfi sjóðsins, að mörg þeirra verkefna sem hafa hlotið styrkveitingu frá sjóðnum hafa skapað verðmæti fyrir samfélagið í kjölfarið. Það er mikilvægt að hlúa að nýsköpuninni í þeim áskorunum sem blasa við í dag.“ Aðspurður um styrkfjárhæðir segir Bjarni: „Við höfum farið þá leið að styrkja fleiri en færri þó upphæðirnar séu ekki endilega mjög stórar hjá hverjum og einum. Það hefur sýnt sig að vera heillaspor að fleiri geti haft möguleika á því að ýta úr vör með spennandi verkefni.“ Rétt er að benda á að allir umsækjendur fá sendan tölvupóst um niðurstöðu fagráðs og stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga eigi síðar en 2. nóvember 2020. *-gpp*

Snjallgangbraut er komin upp á Breiðumörk í Hveragerði

Snjallgangbraut hefur verið tekin í notkun á Breiðumörk á móts við Skyrgerðina og eykur hún öryggi gangandi vegfarenda til mikilla muna.

Uppsetning gangbrautarinnar er afrakstur vinnu umferðaröryggishóps sem starfandi var í Grunnskólanum í Hveragerði en hópurinn óskaði eindregið eftir aðgerðum sem bæta myndu öryggi barna við grunnskólann og á gönguleiðum nálægt skólanum. Þessi staðsetning var valin þar sem börn fara þarna yfir Breiðumörk á leið í skólann og einnig á leið sinni í Bungubrekku, frístundaskóla og félagsmiðstöð.

Snjallgangbrautin „skynjar“ þegar gangandi vegfarandi nálgast götuna og kviknar þá á LED göngulýsingu sem lýsir upp gangbrautina og vegfarandann á meðan hann gengur yfir götuna. Einnig kviknar ljós á gangbrautarmerkinu og blikkandi viðvörunarljós segir ökumönnum að vegfarandi sé á leið yfir götuna. Þessari tækni er ætlað að gera gangandi vegfarendur sýnilegri en áður þegar farið er yfir gangbraut.

„Það er afar ánægjulegt að nú skuli fyrsta snjallgangbrautin hér í Hveragerði hafa verið tekin í notkun og með henni stigið stórt skref í umferðaröryggismálum. Foreldrum barna er jafnframt bent á að nauðsynlegt er að kenna börnum að nota gangbrautina en mikilvægt er að hjóla og ganga ekki beint út á götuna heldur hinkra eftir að blikkandi ljósið birtist áður en gatan er þveruð,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði.

Góða veðrið nýtt til lagningar á slitlagi

Í sumar og haust hefur bundið slitlag verið lagt á nokkrar götur í þéttbýlisstöðum Bláskógabyggðar. Seinna lag af slitlagi var lagt á Bæjarholt í Laugarási og á Sólbraut og Dalbraut í Reykholti. Fyrra lag af slitlagi hefur verið lagt á Lindarskóga á Laugarvatni og Miðholt í Reykholti. Þá var slitlag lagt á starfsmannabílastæði við leikskólann Álfaborg í Reykholti. Í maí 2019 var samþykkt í sveitarstjórn forgangsröðun í lokafrágangi á malargötum í þéttbýlisstöðum Bláskógabyggðar og eru framkvæmdir á þessum götum einn liðurinn í þeirri forgangsröðun. Á myndunum má sjá verktakafyrirtækið Bikun leggja slitlag við leikskólann Álfaborg.

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

HÚSNÆÐI TIL LEIGU

Til leigu er húsnæði á Austurveginum á móti Landsbankanum, áður Fjallkonan (Selfossi). Hentar fyrir ýmsa starfsemi. Uppl. í síma 864 1275.

Hrós vikunnar

Erla Þorsteinsdóttir og Pálmi Hilmarsson eru hrósarar vikunnar að þessu sinni:

Erla og Pálmi

Hrós vikunnar frá okkur sendum við á alla nemendur og starfsmenn Menntaskólans að Laugarvatni. Það er mikil vinna að halda úti skólastarfi þessi misserin og mæðir mjög á bæði nemendum og kennurum. Fyrir þeirra hönd allra biðjum við Jónu Katrínu Hilmarsdóttur, sem hefur staðið sig afburða vel sem skólameistari í fjarveru og tímabundnu leyfi Halldórs Páls Halldórssonar um að taka við hrósi vikunnar.

Erla og Pálmi

Við skorum því á Jónu Kötu að koma næst með hrós vikunnar.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Jóna Katrín, þú sendir okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)

Fjölskylduvænt kaffihús á Selfossi

Í húsnæði þar sem skemmtistaðurinn Frón var áður að Eyravegi 35 er nú búið að opna fjölskylduvænt kaffihús sem ber nafnið Kaffi & Co. Á kaffihúsinu má fá það flest af veitingum sem á góðu kaffihúsi skal vera, einnig er mikið úrval af veganmat, hvort sem það er fyrir fullorðna eða börn. „Það er markmiðið að sameina fjölskylduna, eiga notalega stund og hafa rýmið þannig að það henti yngri kynslóðinni. Hér er til dæmis skemmtilegur barnamatseðill og lítill kofi sem börnin hafa mjög gaman af að kíkja inn í. Þar er t.d. lítil ísbúð sem hefur gert mikla lukku meðal barnanna, svo er fleira skemmtilegt framundan hjá okkur fyrir börnin," segir Fríða Steinarsdóttir einn af eigendum staðarins.

Tækifæri þrátt fyrir áskoranir

Þegar við spyrjum Fríðu út í það hvers vegna var ákveðið að fara úr skemmtistað yfir í kaffihús segir hún: „Ég var búin að vera að veltast um með þessa hugmynd í kollinum í langan tíma en ekki komið mér í að framkvæma hana en eins og ástandið í þjóðfélaginu hefur verið var þetta kjörið tækifæri til að láta loksins verða að þessu. Þetta hefur svo að okkar mati verið eitthvað sem hefur vantað hér á Selfossi í sístækkandi samfélagi. Það eru tækifæri í kófinu. Við höfum fengið afar jákvæð viðbrögð við staðnum og fjölskyldufólk komið og heimsótt okkur, sem við erum afar þakklát fyrir á þessum erfiðu og skrítnu tímum. Við bíðum svo bara eftir því að fá að taka flugið almennilega þegar veiran er hætt að láta að sér kveða með öllum sínum takmörkunum," segir Fríða.

Matur, gott kaffi og afþreying fyrir litla fætur

Fríða segir að grunnhugmyndin sé að vera með góðar veitingar og gott kaffi. „Hér eru veitingar sem eru sérsniðnar að börnum á öllum aldri og svo aðrar sem eru fyrir eldri kynslóðina. Það sem er okkar sérstaða er aðstaðan fyrir börnin. Mamma og pabbi fá smá næði til að spjalla og njóta meðan litlir fætur þurfa ekki endilega að sitja kyrrir við borðið. Það er hægt að kíkja í kofann og leika þar eða skoða sig um. Ekki spillir fyrir að þar eru gjarnan leikfélagar sem er gaman að kynnast." -gpp

Að snúa vörn í sókn þegar á móti blæs

Hinn umtalaði veirufaraldur hefur haft áhrif á samfélagið í heild. Félagsmiðstöðin Zelsíuz í Árborg er þar engin undantekning. Í mars á þessu ári þurftum við að skella í lás eins og samfélagið allt. Félagsmiðstöðin opnaði dyrnar aftur þann fjórða maí og var með opið út maímánuð. Vinnuskólinn tók við í júní og fram í ágúst. Það var ómetanlegt að starfsemi Vinnuskólans hafi gengið óskert og við erum þakklát fyrir það. Eftir hlé var opnað aftur í september sem gekk áfallalaust fyrir sig. Það kom þó að því í október að það þurfti að loka í eina viku og þar á eftir að skerða starfsemina í viku til viðbótar. Eins og staðan er um þessar mundir er starfsemin með hefðbundnum hætti en staðan er endurmetin reglulega með tilliti til þeirra tilmæla sem sett eru fram hverju sinni af stjórnvöldum. Við bindum við það vonir að starfið haldist að mestu óraskað, enda um mikilvæga starfsemi að ræða fyrir ungmennin okkar. Við erum þó tilbúin að takast á við breytingar þegar og ef þær koma.

Unga fólkið sér tækifærin í ástandinu

Það er erfitt fyrir alla, sérstaklega börn og unglinga, að upplifa takmarkanir á því sem þau eru vön að geta sótt án takmarkana. Það getur líka verið erfitt og tekið á sálarlífið að upplifa og ganga í gegn um breytingar. Það stendur þó upp úr og rétt er að benda á hvað börn og unglingar í Sveitarfélaginu Árborg hafa staðið sig vel þrátt fyrir þær áskoranir sem árið 2020 hefur fært okkur. Það er aðdáunarvert, að fylgjast með því og upplifa, að sjá unga einstaklinga í samfélaginu tækla þetta langa tímabil af einstöku æðruleysi. Það er okkar upplifun hér í Zelsíuz að unga fólkið sjái svo sannarlega tækifærin í þessum sérstöku aðstæðum sem hafa myndast og nýti tímann sinn vel. Þau eiga svo sannarlega skilið stórt hrós!

Sýnum þakklæti

Samstaðan hefur verið góð í samfélaginu og hún mun þurfa að halda áfram. Við í Zelsíuz viljum hvetja alla einstaklinga í samfélaginu til þess að hugsa vel um sig og finna uppbyggilegar leiðir til þess að takast á við þær áskoranir sem nú blasa við okkur. Hvetjum alla til þess að veita litlu hlutunum í lífinu athygli og vera þakklát fyrir það sem okkur er gefið. Munum eftir að njóta augnabliksins!

Ostur í dulargervi

Íslenskir bændur eiga skilið að staðið sé við gerða samninga og að þeir sitji við sama borð og samkeppnisaðilar þeirra. Flest ríki í heiminum nota tolla til að vernda sinn landbúnað. Það gera sér allir grein fyrir mikilvægi þess að hlúa að landbúnaði og þar með að tryggja fæðuöryggi þjóðar. Í ljós hefur komið að umfangsmikill misbrestur hefur orðið á tollskráningu landbúnaðarafurða frá Evrópu til Íslands. Það er ekki nóg að hafa tollasamning ef innflutningsaðilar fara ekki eftir honum og opinbert eftirlit er ekki fullnægjandi.

Silja Dögg Gunnarsdóttir,

þingmaður Framsóknarflokksins

Ostur fluttur inn sem ostalíki í tonnavís

Í minnisblaði sem barst nefndinni frá Bændasamtökum Íslands kemur fram að árið 2019 hafi verið flutt inn 299 tonn af mozzarellaosti með viðbættri pálmaolíu. Við nánari athugun kom svo í ljós að um var að ræða annarsvegar mozzarellablöndu þar sem uppistaðan er um 83% ostur og í hinu tilvikinu er um að ræða 100% ost. Til framleiðslu á þessu magni af ost þarf um 3.000.000 lítra af mjólk en það svarar til ársframleiðslu 8-10 íslenskra kúabúa. Eftir að grunsemdir vöknuðu um ranga skráningu óskaði MS eftir bindandi áliti Skattsins um tollflokkun á tveimur tilteknum vörum.

Viðbrögð yfirvalda

Fjármálaráðneytið hefur staðfest að þessi mozzarellaostur, eigi að bera toll enda sé hann ostur en ekki ostalíki. Þrátt fyrir það hafa tollayfirvöld ekki enn lagt toll á vöruna, en 48 tonn voru flutt inn í ágúst. Þingmenn Framsóknarflokksins áttu frumkvæði að því að málið var tekið upp í Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis. Nefndin hefur ekki lokið sinni umfjöllun en vinna nefndarinnar og fjármálaráðuneytisins hefur nú þegar staðfest að það er fullt tilefni til að skoða þessi mál nánar og bregðast við með viðeigandi hætti.

Tap ríkissjóðs og töpuð störf

Einhverjir halda því fram að hér sé um að ræða misbrest á framkvæmd samninga. En hvernig er hægt að nota slíkt orðalag þegar kerfisbundið er verið að flytja inn afurðir úr mjólk, kjöti, eggjum og grænmeti fram hjá kerfinu til þess að losna við að borga skatta í ríkissjóð? Ríkissjóður verður af gífurlegum fjárhæðum, verið að setja störf innanlands í hættu, bændur og neytendur hljóta skaða af.

Íslenskir bændur hafa ekki burði til þess að standa undir samkeppni á innfluttum landbúnaðarvörum þegar þær eru fluttar inn á undirverði og án tolla. Við verðum að standa vörð um íslenskan landbúnað, tryggja fæðuöryggi og störf í landinu. Áfram veginn!

Falleinkunn í Rangárþingi ytra

Fulltrúar Á-lista í Rangárþingi ytra báru upp tillögu á fundi sveitarstjórnar þann 8. október síðastliðinn um að hefja beinar útsendingar frá sveitarstjórnarfundum um næstu áramót. Tilgangur tillögunnar var að færa stjórnsýsluna nær íbúum þannig að þeir geti horft og hlustað hvar sem er í rauntíma. Rangárþing ytra lagði nýlega út í tugi milljóna kostnað við ljósleiðaravæðingu sveitarfélagsins og er kjörið að nýta þá fjárfestingu til dæmis með því að nýta kosti beinna útsendinga. Sveitarfélagið er víðfeðmt landfræðilega og íbúar sem vilja sækja opna fundi sveitarstjórnar vegna tiltekinna mála þurfa í mörgum tilfellum að aka um langan veg í allskonar færi. Covid-19 hefur einnig sett beinar útsendingar af sveitarstjórnarfundum í nýtt samhengi og gert þær nauðsynlegar svo að hægt sé að uppfylla reglur um aðgengi að opnum fundum og nándartakmarkanir.

Fulltrúar Á-lista bundu vonir við að tillagan yrði samþykkt, þó því miður segi sagan að það séu meiri líkur en minni á því að fulltrúar D-lista í Rangárþingi ytra hafni tillögum sem stuðla að opnu aðgengi íbúa að stjórnsýslunni. D-listinn reyndi að finna mótrök í bókun sinni, snerust þau aðallega um útfærslu tillögunnar í smáatriðum og einkenndust af því að finna vandamál frekar en lausnir.

Ein mótrök D-listans vöktu sérstaka eftirtekt okkar, en þau voru á þá leið að ekki þyrfti beinar útsendingar þar sem upptaka af fundi sveitarstjórnar væri birt „innan tveggja sólarhringa" eins og reglur segja til um. Rétt er að reglurnar eru til staðar, en enginn metnaður virðist vera til staðar hjá D-lista að fara eftir þeim. Úttekt Á-lista sýnir hvernig reglunum hefur verið fylgt á kjörtímabilinu og lýsa niðurstöðurnar virðingaleysi við samhljóða afgreiðslu sveitarstjórnar um birtingu á upptökum:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

fulltrúi Á-lista í sveitarstjórn Rangárþings ytra.

Steindór Tómasson

fulltrúi Á-lista í sveitarstjórn Rangárþings ytra.

Yngvi Harðarson

fulltrúi Á-lista í sveitarstjórn Rangárþings ytra.

26 sveitarstjórnarfundir hafa alls verið haldnir á þessu kjörtímabili.
10 fundir hafa verið birtir innan tveggja virkra daga eins og reglur segja til um.
5 fundir hafa aldrei verið birtir (?!).
7 fundir hafa verið birtir 3-9 dögum of seint.
1 fundur var birtur 11 dögum of seint.
1 fundur var birtur 20 dögum of seint.
1 fundur var birtur 64 dögum of seint.
1 fundur var birtur 89 dögum of seint.

Eins og sjá má á þessu yfirliti hefur reglum verið fylgt í 10 skipti af 26. Það gefur einkunnina 3,8 af 10 mögulegum sem er falleinkunn. Fulltrúar Á-lista hafa ítrekað bent á að bæta þurfi þessi vinnubrögð en hafa talað fyrir daufum eyrum. Þeir sem bera ábyrgðina eru framkvæmdastjóri sveitarfélagsins, sem jafnframt er kjörinn fulltrúi, svo og oddviti sem á að fylgja ákvörðunum sveitarstjórnar eftir.

Það kann að vera að einhverjum sem lesa þetta þyki þetta litlu máli skipta. En ef grannt er skoðað, þá snýr þetta að kjarna opins nútímasamfélags og gagnsærri stjórnsýslu. Okkur ber að veita aðgang að fundum sveitarstjórnar því opnir fundir hafa jákvæð áhrif á umræðu og ákvarðanatöku. Bein útsending er auðveldasta leiðin og tæknin er til staðar. Við vonum að D-listinn í Rangárþingi ytra taki skrefið inn í tækniöldina með okkur hinum, ekki seinna en á nýju ári.

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Steindór Tómasson og Yngvi Harðarson fulltrúar Á-lista í sveitarstjórn Rangárþings ytra.

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku

*samkvæmt Gallup-könnun okt.-nóv. 2018.

Auglýsinga-síminn er 482 1944

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Mikilvægi mannauðsmála

Gísli Halldór Halldórsson

bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar

Hlutverk Sveitarfélagsins Árborgar er að skapa íbúum, óháð kringumstæðum þeirra, lífsgæði, velferð og öryggi – og auka þannig getu og tækifæri allra til sköpunar. Sköpun íbúa er síðan undirstaða hagsældar, velferðar og framfara og lykillinn að farsælu samfélagi.

Það fellur í hlut starfsmanna Árborgar að inna af hendi hlutverk sveitarfélagsins, samkvæmt stefnu bæjarstjórnar hverju sinni. Um 1.000 manns hafa starfað hjá Sveitarfélaginu Árborg á árinu 2020, í lengri eða skemmri tíma, og eru stöðugildin þar að baki u.þ.b. 700. Útgjöld vegna launa eru um 58% af rekstrarútgjöldum Árborgar og á árinu 2020 er áætlað að laun og launatengd gjöld nemi alls um 6,2 milljörðum króna. Af launagjöldum sveitarfélaga er um 80% vegna fræðslumála og félagsþjónustu sem svarar til um 5.000.000.000 krónur hjá Árborg. Þessi þjónusta er að mestu lögbundin og ekki hægur leikur að lækka kostnað vegna hennar.

Úrslitaþáttur í að vel takist til í starfsemi sveitarfélags er að mannauðurinn hafi skýr markmið og fullnægjandi starfsumhverfi. Fólk skilar sínu besta, með skjótum og hagkvæmum hætti, ef það veit til hvers er ætlast og hefur úrræði til að leysa verkin.

Mannauður og framleiðni vinnuafls

Góður árangur í rekstri næst með skýrri stefnu, markvissum vinnubrögðum, vönduðum ákvörðunum og frammistöðu starfsfólksins. Einfaldar æfingar í Excel-skjali, þar sem skorið er niður án fyrirhyggju, geta skilað peningum til skemmri tíma en eiga það til að valda tjóni þegar upp er staðið þegar afleiðingin verður vanmönnun eða skortur á tækjum og tólum.

Gríðarstór alþjóðleg rannsókn, gerð árið 2018 í 44 löndum og 21 atvinnugrein, leiddi í ljós að til að njóta sín í starfi og skila góðu verki þarf starfsfólk fyrst og fremst að njóta viðurkenningar og hafa aðbúnað sem skilar því árangri í vinnu og einkalífi. Til að ná þessu fram, samkvæmt sömu rannsókn, þarf fyrst og fremst sveigjanlegt starfsumhverfi, áherslu á heilbrigði og velferð og starf með skýran tilgang.

Árið 2018 var uppi hávær krafa um úrbætur í mannauðsstjórnun hjá Árborg en málaflokknum hafði þá ekki verið sinnt í heilan áratug. Mannauðsstjóri var ráðinn, Ólöf Jóna Tryggvadóttir, og hóf hún störf í byrjun janúar 2019. Berglind Harðardóttir tók síðan til starfa sem mannauðsráðgjafi í apríl 2020 og var þá í fyrsta sinn orðin til eiginleg mannauðsdeild hjá sveitarfélaginu. Vegna mikilvægis þessara mála heyrir deildin beint undir bæjarstjóra.

Margt hefur unnist

Verkefni mannauðsdeildar er að styðja stjórnendur og starfsfólk þannig að allir hafi skýr skilaboð um tilgang, markmið og hlutverk starfsins og nauðsynlegan aðbúnað og þekkingu til að sinna því. Þannig styður mannauðsstjórnun við góðan rekstur sveitarfélagsins. Stjórnendur, sem koma beint að mannauðs- og kjaramálum, eru um 50 talsins og rekstrareiningar sveitarfélagsins 32. Því til viðbótar hefur ríkið gert að lagaskyldu ýmis verkefni sem þarf að sinna en þar er jafnlaunavottun langstærst og kallar á um hálft stöðugildi eins og staðan er í dag.

Mikil vinna hefur farið í tiltekt í mannauðsgögnum, en góðar upplýsingar eru nauðsynleg undirstaða vandaðra ákvarðana um rekstur og stjórnun. Jafnlaunavottun var lokið árið 2019 og í leiðinni voru starfslýsingar útbúnar og endurgerðar fyrir öll störf, sem auðveldar mjög ráðningar og umsýslu um störf og starfsþróun. Handleiðsla og fræðsla hefur verið efld til að bæta gæði stjórnunar og ákvarðanatöku, svo sem við ráðningar, samningagerð, starfsmannasamtöl, samskipti, endurgjöf, umbun, uppsagnir, áminningar, álag og kulnun í starfi.

Stafrænar lausnir hafa verið innleiddar fyrir stjórnendur og annað starfsfólk. Mannauðskerfið „H3 mannauður“ var m.a. tekið í notkun og mun flýta mjög fyrir og auðvelda samvinnu stjórnenda við launadeild. Straumlínustjórnun (Lean management) og gæðaferlar hafa verið innleidd í verkefnastjórnun og helstu mannauðsferlum. Þrátt fyrir allt sem unnist hefur er ýmislegt óunnið og stór verkefni framundan.

Meiri árangur má sækja

Fyrst má telja mikilvægt verkefni sem bæjarráð hleypti af stokkunum í sumar og snýst um að draga úr fjarvistum vegna álags og veikinda, m.a. með greiningum og mótun fjarverustefnu. Mikill kostnaður vegna veikindafjarvista hefur verið viðvarandi vandamál í mörg ár. Beinn kostnaður var yfir 260 milljónir á árinu 2019 og gera má ráð fyrir talsverðum óbeinum kostnaði því til viðbótar. Mannauðsdeild vinnur nú að úrbótum með aðkomu ráðgjafafyrirtækisins Attentus. Til mikils er að vinna og með bættu starfsumhverfi liggur leiðin að hagkvæmari rekstri.

Áfram þarf að efla stjórnendur í sínu hlutverki. Auka þarf afköst mannauðsdeildar og þar með aðgengi stjórnenda að þjónustu deildarinnar við lausn starfsmannamála. Meiri áherslu þarf að leggja á fræðslumál og starfsþróun fyrir stjórnendur, almenna starfsmenn og nýliða s.s. um hagnýtingu stafrænna lausna, samskipti og vinnustaðamenningu. Ör þróun í tækni og breytingar á vinnumarkaði gera þessa þætti mikilvægari en nokkru sinni.

Vinna þarf frekar með skráningu og hagnýtingu gagna úr mannauðskerfum og starfsmannakönnunum svo fyrir liggi upplýsingar og tölfræði sem nýst getur stjórnendum til að bæta árangur og ánægju starfsfólks og auka almenna kostnaðarvitund. Þannig má koma auga á umbótatækifæri og hrinda þeim í framkvæmd.

Til að uppskera þarf að sá

Í rekstri fyrirtækja og stofnana er almennt miðað við 100 starfsmenn á bak við eitt stöðugildi í mannauðsmálum. Nú hafa verið ráðnir 2 starfsmenn í mannauðsdeild og tæp 2 stöðugildi eru í launadeild. Það er því morgunljóst að þarfir starfsmanna og stjórnenda sveitarfélagsins, ásamt ytri kröfum, er langt umfram getu mannauðsdeildar, miðað við núverandi mönnun, og brýn þörf á að fjölga starfsmönnum sem sinna mannauðsmálum.

Sé litið til þess að stöðugildi Árborgar eru 700 en starfsmenn 1.000 þá er raunhæft að starfsmenn mannauðsdeildar og launadeildar séu á bilinu 6-8. Bæjarstjóri mun því gera tillögur að fjölgun í þessum deildum við gerð fjárhagsáætlunar 2021. Þetta er bæði mikilvægt og áríðandi svo hratt gangi að auka hagkvæmni í rekstri og bæta þjónustu.

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku*

*samkvæmt Gallup-könnun okt. – nóv. 2018

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag: 8700 eintök. Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Sunnlenski matgæðingurinn

Matgæðingur vikunnar er **Guðmundur Jónasson.**

Ég vil þakka Fúsa vini mínum fyrir þessa áskorun, ég næ mér niður á honum seinna.

Eins og Fúsi bendir vissulega á þá hóf ég kokkanám sem ungur drengur fyrir norðan og síðan á höfuðborgarsvæðinu, þó aldrei væri það klárað. Leiðin lá síðan á sjóinn þar sem ég stóð við eldavélina á milli þess sem staðið var í aðgerð og öðrum stórræðum. Ég er mjög árrisull maður og skiptir þá ekki máli hvort dagurinn telst virkur eða helgur og dunda ég mér gjarnan við að baka og hafa eitthvað ferskt handa mínu fólki þegar það dröslast á fætur. Einnig höfum ég og Inga mín mikið gaman af því að elda og gerum talsvert af því að fá til okkar fólk og elda góðan mat. Uppskriftin sem ég vil deila hér er frá þeim tíma þegar ég var í kokkanáminu á sínum tíma og er þar um að ræða heimsins besta lasanja. Þannig kynni ég allavega þennan rétt til sögunnar þegar hann er eldaður fyrir fólk í fyrsta skipti.

Lasanja a la Bróa

500 gr. nautakjöt
200 gr. laukur
150 gr. sellery
150 gr. gulrætur
150 gr. tómatar
(1 dós niðursoðnir, kurlaðir)
1½ msk. tómatpurre
6 geirar hvítlaukur
3 stk. kjötkraftur
1 dl heitt vatn
½ tsk. muskat
1 msk. oregano
1 msk. basil
1 msk. rosmarin
Svartur pipar
Salt
Hveiti
Mjólk
150 gr. smjör
Ca. 400 gr. ostur
Lasanja-blöð

Nautakjötið er steikt sér, kryddað með salti og svörtum pipar. Síðan er laukurinn, sellery, gulrætur og hvítlaukur skorið smátt og steikt sér. Kjötið og grænmetið er sett saman á pott. Nautakjötkraftur leystur upp í heitu vatni. Nautakjötkrafti, tómötunum og tómatpurre sett saman við það sem áður hafði verið steikt og látið krauma í nokkrar mínútur. Kryddað með oregano, basil, muskati, rosmarin, svarta piparnum og salti. Látið sjóða á pönnunni þar til megnið af vökvanum er gufaður upp.

Smjörbolla er búin til og 150 gr. af ostinum sett útí. Sósunni og kjötsoppunni er blandað saman og látið krauma í 20 mínútur.

Allt sett í eldfast mót og lasanja-blöð á milli og ostur efst. Eldfasta mótið er sett í ofn sem er hitaður í 180°C og látið vera þar í ca. 45 mín. Borið fram með fersku salati og hvítlauksbrauði. Uppskriftin er fyrir 5-6.

Ég vil skora á Hrafn Magnússon vin minn á Selfossi til að taka við keflinu. Krummi er kjötiðnaðarmaður og mikill listakokkur og veit ég að þetta mun ekki vefjast fyrir honum.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Vísnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Í gamla daga geymdi ég Loka og galdra-korðann.
Á haustin gleypti ég heyjaforðann.
Á hraðri ferð ég kem að norðan.

Svar við gátu í blaði 2568: HNAPPUR.
1. lína: Geldingahnappur - 2. lína: Frjóhnappur
3. lína: Einkennishnappur

Aukin þjónusta við eldri borgara

Við bjóðum eldri borgurum, sem ekki hafa tök á að nýta sér Íslandsbankaappið eða netbanka, að hringja í okkur í sérstakt **símanúmer 440-3737** fyrir alla helstu bankaþjónustu.

Góð þjónusta breytir öllu

VISS, vinnu- og hæfingarstöð í Þorlákshöfn

ÖLFUS

óskar eftir þroskaþjálfa/iðjuþjálfa eða starfsmanni með sambærilega menntun í starf deildarstjóra

VISS vinnu- og hæfingarstöð óskar eftir að ráða deildarstjóra í 90% stöðu frá 1. desember nk., vinnutími frá kl. 9:00 -16:00. VISS er vinnustaður fyrir fólk með skerta starfsgetu í Sveitarfélaginu Ölfusi þar sem unnið er eftir hugmyndafræðinni *Þjónandi leiðsögn* og *Sjálfstætt líf*. Deildarstjórinn vinnur samkvæmt lögum 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 auk tengdra reglugerða.

Helstu verkefnin eru:

- Daglegt utanhald um rekstur og starfsemina
- Starfsmannahald
- Móta stefnu og markmið þjónustunnar í samráði við forstöðumann
- Verkefnaöflun og að verkefni sé við hæfi hvers og eins

Helstu markmið starfsins eru:

- Faglegt starf með fötluðu fólki
- Leiðbeina, styðja og hvetja
- Skapa öryggi og vellíðan á vinnustað
- Efling sjálfsákvörðunarréttar fatlaðs fólks

Hæfniskröfur:

Menntun í þroskaþjálfa / iðjuþjálfun
Reynslu af stjórnun og starfsmannahaldi
Leiðtoga- og skipulagshæfileikar
Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
Hæfni í mannlegum samskiptum
Jákvæðni og góð þjónustulund
Almenn tölvukunnátta æskileg

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags og / eða Iðjuþjálfafélags Íslands.

- **Umsóknarfrestur er til 20. nóvember 2020**
- Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Jónsdóttir forstöðuþroskaþjálfi ragnhildur@arborg.is eða í síma 480 6920 og 899 7254
- Umsóknum skal skilað rafrænt á www.olfus.is

Sveitarfélagið Ölfus er framsækið sveitarfélag og leggur ríka áhersla á góðan starfsanda á vinnustað. Þá er leitast við að auka möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Öllum umsóknum verður svarað.

Sjóðurinn góði þarf þinn stuðning

Sjóðurinn góði veitti styrki úr sjóðnum í desember 2019 að upphæð 6.260.000 kr. Sjóðurinn góði var stofnaður 2008 í kjölfar bankahrunsins. Sjóðurinn er samstarfverkefni Lionsklúbba, kvenfélaga, kirkjusókna, félagsþjónustunnar í Árnessýslu og deilda Rauða krossins í Árnessýslu. Hlutverk sjóðsins góða er að styrkja einstaklinga og fjölskyldur sem standa höllum fæti og eiga ekki fyrir nauðþurftum fyrir jólin. Gjafir til Sjóðsins góða berast frá einstaklingum, félagasamtökum, stofnunum og verslunum bæði í formi peninga og jólagjafa. Þetta árið bárust okkur bíómiðar frá Selfossbíói og einnig gaf veitingastaðurinn Krisp veglega matargjöf. Tölvubúnaður sem notaður er við umsóknir og úthlutanir hefur Tölvu- og rafeindaþjónustan, TRS lánað okkur án endurgjalds í nokkur ár.

Einnig má nefna húsnæði og veitingar að ógleymdri mikilli sjálfboðavinnu. Starfshóp skipa fulltrúar áðurnefndra aðila og Hjálparstofnun kirkjunnar skipuleggja umsóknarferlið og annast úthlutun. Stuðst er við viðmið Hjálparstofnunar kirkjunnar varðandi mat á umsóknum. Úthlutað er í desember úr sjóðnum vegna undirbúnings jólanna og á vormánuðum vegna ferminga. Allar umsóknir eru trúnaðarmál. Í desember 2019 var úthlutað úr sjóðnum til 178 fjölskyldna og einstaklinga samtals 6.260.000 ásamt gjöfum frá ýmsum aðilum. Jólatré voru staðsett í Hveragerði og á Selfossi og hægt var að setja pakka þar undir til gjafa. Í ljósi ástandsins í þjóðfélaginu má reikna með fleiri umsóknum.

Fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar sem vilja styrkja Sjóðinn góða geta lagt inn á bankareikning 325-13-301169 kt. 560269-2269. Úthlutunardagar verða auglýstir síðar.

Starfshópur Sjóðsins góða þakkar öllum þeim aðilum sem styrkt hafa sjóðinn á síðasta ári.

Opnað fyrir skráningu á léttum bifhjólum í flokki I

Skráningin fer fram á heimasíðu Samgöngustofu. Létt bifhjól í flokki I bera appelsínugular númeraplötur og er skráningunni ætlað að auka umferðaröryggi, rekjanleika og eftirlit.

Ný létt bifhjól í flokki I sem flutt hafa verið til landsins 1. janúar 2020 og síðar, eru skráð af innflytjanda eða söluaðila og afhendast yfirleitt skráð, skoðuð og á skráningarmerkjum. Þau fara í gegnum hefðbundið forskráningarferli ökutækja þar sem fylla þarf út eyðublað og skila inn ásamt viðeigandi gögnum.

Eldri létt bifhjól í flokki I (flutt til landsins fyrir 1. janúar 2020) er nú hægt að skrá rafrænt í gegnum *Mitt svæði* á vef Samgöngustofu. Miðað er við að þessi hjól verði að vera skráð frá 1. mars 2021 ef nota á þau í almennri umferð.

Opið verður fyrir rafræna skráningu þessara ökutækja til 30. júní 2021 og kostar skráningin 600 kr. Eftir 1. júlí 2021 verður skráningu háttað eins og annarra ökutækja og kostar þá 4.210 / 7.020 kr. eftir því hvort hjólið er gerðarviðurkennt eða ekki. Gjald fyrir númeraplötu er 2.665 kr. Auk þess þarf að greiða fyrir skráningarskoðun og nýskráningu hjólsins hjá skoðunarstöð.

Nánar um forsendur skráningar léttra bifhjóla í flokki I

Samkvæmt umferðarlögum eru létt bifhjól í flokki I skráningarskyld. Létt bifhjól í flokki I eru vélknúin ökutæki á tveimur, þremur eða fjórum hjólum sem komast á allt að 25 km/klst. hvort sem þau eru raf- eða bensíndrifin. Þá er miðað við hámarkshönnunarhraða tækisins sem framleiðandi bifhjólsins gefur upp. Þessi hjól geta verið margskonar en oft eru þau kölluð vespur, rafmagnshjól með hjálparmótor og inngjöf (sem er yfir 250W en ekki yfir 4000W og með hámarkshönnunarhraða 25 km/klst. eða minna) og rafskutlur með hámarkshönnunarhraða allt að 25 km/klst.

Skráningar- og skoðunarskylda þessara ökutækja er fyrst og fremst ætlað að auka umferðaröryggi t.d. með því að tryggja það að ljósa- og hemlunarbúnaður sé í lagi. Skráning á léttum bifhjólum í flokki I gefur einnig yfirsýn yfir þessi ökutæki t.d. fjölda og gerðir sem í umferð eru, hvaða flokki þau tilheyra og hvaða reglur eiga við um akstur þeirra.

ML fyrirmyndarstofnun 2020

Menntaskólinn að Laugarvatni varð í þriðja sæti í kjöri stofnunar ársins í flokki meðalstórra stofnana árið 2020. Skólinn fær því viðurkenninguna *Fyrirmyndarstofnun ársins 2020*. Skólinn skartar nú merkinu á heimasíðu skólans ásamt því að hafa fengið innrammað viðurkenningarskjal. Í tilkynningu frá skólanum segir: „Starfsfólkið er stofnunin og á þessa viðurkenningu sannarlega skilið. Samfélag starfsmanna í Menntaskólanum að Laugarvatni er til fyrirmyndar og við gleðjumst yfir þessari góðu viðurkenningu.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur óskar eftir að ráða starfsmann í áhaldahús

Verkefni

- Umhirða og viðhald eigna sveitarfélagsins. Um ræðir fasteignir, gatna, stíga- og veitukerfi auk landssvæða, girðinga og fjallaskála, ásamt lausafé.
- Vinna við smærri viðhaldsverkefni og framkvæmdir.
- Innkaup á rekstrar- og viðhaldsvörum.
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við sveitarstjóra.

Hæfnikröfur

- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Aukin ökuréttindi – D1 flokkur. Vinnuvélaréttindi.
- Skipulagsfærni og frumkvæði.
- Almenn tölvukunnátta.
- Hreint sakavottorð.
- Þekking á staðháttum er kostur.
- Búseta í sveitarfélaginu æskileg.

Um 100 % starf er að ræða. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til 6. nóvember næstkomandi. Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristófer Tómasson sveitarstjóri í síma 486 6100 og 861 7150. Umsóknum skal skila á netfang sveitarstjóra, kristofer@skeidgnup.is.

Quiznos
29. OKTÓBER – 8. NÓVEMBER
KOMBÓTILBOÐ
STÓR BÁTUR
+ 0,5 L PEPSI EÐA PEPSI MAX
1.190 kr.
BÍLALÚGA OG SNERTILAUSAR GREIÐSLUR
NORÐLINGAHOLT
GULLINBRÚ
SELFOSS
quiznos.is
olís
HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ:
NORÐLINGAHOLTI · GULLINBRÚ · ÁLFHEIMUM · SÆBRAUT
GARÐABÆ · MOSFELLSBÆ
LANDSBYGGÐIN:
BORGARNESI · AKRANESI · AKUREYRI · REYÐARFIRÐI
SELFOSSI · HELLU · VARMAHLÍÐ
Quiznos

Finnst alveg vanta að samdar séu sögur og söngvar um nafnið mitt

segir lestrarhesturinn Guðný Sigurðardóttir

Guðný Sigurðardóttir er Hafnfirðingur eða réttara sagt Gaflari. Hún er 58 ára gömul, menntuð hárgreiðslukona en starfar núna sem kirkjuvörður í Selfosskirkju. Hún er gift Halldóri Ágústssyni Morthens málarameistara og á þrjú börn, Elísu Björk, Hjalta Geir og Hrefnu. Guðný segist vera forrík af ömmubörnunum en þau eru núna átta talsins.

Hvaða bók ertu að lesa núna?
Ég er í augnablikinu ekki mikið að lesa. En er þó með bókina *Nokkrir góðir dagar án Guðnýjar* á náttborðinu minu. Hún er eftir Davíð nokkurn Oddsson og keypti ég mér hana aðallega útaf heiti bókarinnar. Mér finnst hún fyndin og ekki veitir af skemmtiefni á þessum covid tímum. Finnst alveg vanta að samdar séu sögur og söngvar um nafnið mitt. Alltaf samið um Maríur, Gunnur, Stínur og þær skvísur.

En hvers konar bækur höfða helst til þín?
Skáldsögur, rómantík og spenna í bland. En þegar ég var unglingur þótti mér mjög gaman að lesa *Kennaratalið* og *Bergsættina* (pínu nörd í ættfræðinni). En ég viðurkenni alveg að ég las rosalega mikið af *Rauðu ástarsögunum* hér áður fyrr og ef ég fer í sólarlandaferð þykir mér mjög gott að taka þannig bækur með mér. Og ligg þá og flatmaga lesandi í sólinni og vitandi af því að sagan endar pottþétt vel og fallega. Einnig hef ég gaman af að lesa sjálfsævisögur eftir þekkta Íslendinga. Svo má ég ekki gleyma allri seríunni um *Ísfólkið*. Ég er að lágmarki búin að lesa þær allar tvisvar sinnum. Þvílíkt meistaraverk.

Ertu alin upp við lestur bóka?
Ég á margar uppáhalds barnabækur og ber þá fyrst að nefna bækurnar sem móðurafi minn Páll Theódór Sveinsson samdi en rithöfundanafn hans var Dóri Jóns. Eftir hann liggja fjórar barnabækur. Ég man ekki hvort foreldrar mínir lásu fyrir mig en ég er alveg viss um að þau lásu/sungu fyrir mig upp úr *Vísnabókinni* því þegar ég var sirka fimm ára þá hélt pabbi minn að ég væri fluglæs. Það var alveg sama hvar bókin var opnuð, ég gat alltaf sungið allt sem þar stóð. Líklega gæti gott sjónminni verið ástæðan. *Pollýönnu*-bækurnar eftir Eleanor H. Porter las ég aftur og aftur og sérstaklega fyrri bókina. Sá höfundur hefur nú kennt mér margt og á ég honum mikið að þakka. Dásamleg saga um það hvernig gleði og jákvætt hugarfar geta unnið bug á erfiðleikum lífsins. *Kapitola* var líka mögnuð bók. En ég reyndi að hlusta á hana í hljóðbók fyrir sirka ári og gafst alveg upp á því. Svo fékk ég alltaf einhverja bók í jólagjöf og man ég sérstaklega eftir *Tamar og Tótu* eftir Berit Brænne. Þá las ég allar *Öddu*-bækurnar og svo las ég þær aftur og aftur. Að lokum get ég nefnt *Ævintýrabækurnar* sem voru ferlega skemmtilegar ásamt *Fimm fræknu*. Vá ég gæti líklega talið upp fullt af fleiri bókum. Ég las greinilega miklu meira hér áður fyrr en ég geri núna.

En hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?
Lestrarvenjur mínar eru akkúrat engar. Ég „les“ núna í seinni tíð frekar hljóðbækur og finnst mér það alveg frábær uppfinning. Og eins og ég sagði hér fyrr þá les ég helst á ferðalögum.

Áttu þér uppáhaldshöfunda?
Afi Páll er auðvitað uppáhalds höfundur minn en rithöfundanafn hans var Dóri Jóns. Bækurnar sem hann skrifaði voru *Kátir voru krakkar – Vaskir drengir – Hafið hugann dregur* og *Áslákur í álögum*. En einnig þýddi afi ansi marga reifara um Basil fursti. En hann var víst ekki hreykinn af þeirri vinnu sinni og er því ókunnugur þýðandi að þeim. Honum fannst ekki við hæfi að barnaskólakennari og yfirkennari væri að setja nafn sitt við þannig bókmenntir. Ég hef verið að safna þessum reifurum saman á síðustu árum en núna er búið að endurútgefa nokkra af þeim.

Hefur bók einhverntímann rænt þig svefni?
Já, alveg oft og í augnablikinu man ég eftir bókunum hennar Ásdísar Höllu, *Tvísaga* og *Hornauga*. Þær rændu mig kannski ekki svefni en mjög nálægt því. Kannski rændu bækurnar hennar Guðrúnar Helgadóttur mig ekki svefni en þær gat ég lesið aftur og aftur. Og enn get ég skellihlegið af sögunum hennar. Hún er líklega uppáhalds rithöfundurinn minn á eftir afa. Og þegar ég las *Kapitolu* fyrst átti ég mjög erfitt með að leggja hana frá mér.

En að lokum Guðný, hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?
Pottþétt væri það um eitthvað yfirmáta fallegt og í sögunni yrði rómantík og spenna. Og pottþétt enginn vondur í mínum bókum. Kannski bara nýtt framhald af Pollýönnu.

Herdís ráðin framkvæmdastjóri Skálholts

Fyrir nokkru auglýsti Skálholtsstaður eftir framkvæmdastjóra og rann umsóknarfrestur út 30. september sl. Alls sóttu 36 um starfið. Stjórn Skálholts ákvað að ráða Herdísi Friðriksdóttur í stöðu framkvæmdastjóra Skálholtsstaðar. Hún er fædd í Stykkishólmi árið 1969. Herdís er skógfræðingur að mennt bæði frá Noregi og Danmörku. Auk þess hefur hún lokið meistaranámi í verkefnisstjórnun frá Háskólanum í Reykjavík. Frá 2017 hefur Herdís rekið eigið fyrirtæki, Understand Iceland sem framkvæmdastjóri. Fyrirtækið sérhæfir sig í fræðsluferðum fyrir háskólanemendur og fróðleiksfúsa N-Ameríkana. Þar á undan starfaði Herdís sem verkefnastjóri Sesseljuhúss, umhverfisseturs á Sólheimum, og fyrr sem sérfræðingur hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Herdís er gift Einari Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðsverði á Þingvöllum, og eiga þau tvær dætur. Herdís og Einar eru sveitungar Skálholtsstaðar og búa með fjölskyldu sinni í Reykholti.

Hvað er hamingja?

Gunna Stella

Á heimasíðu Hugarafls segir: „Hamingjan er val, þú getur valið hamingju burt séð frá því hvað er að gerast hjá þér í lífinu hverju sinni. Hamingjan er ákvörðun. Hamingjan kemur innan frá og því þarftu að muna að það er enginn annar en þú sem getur gert þig hamingjusama/n. Hamingja er lífsstíll sem maður velur sér með því að horfa öðruvísi á hið daglega líf.“ Það er mikið til í þessari lýsingu. Það er enginn hlutur eða manneskja sem gerir mig hamingjusama. Ég þarf að vera sátt í eigin skinni, huga og hjarta til að vera hamingjusöm. Hamingjan kemur innan frá og út. Að eiga góða fjölskyldu, góðan maka, góða tengingu við annað fólk og fjárhagslegt öryggi getur svo sannarlega einfaldað lífið til muna og aukið hamingjustuðulinn. Fyrst og fremst þarf þó hamingjan að koma innan frá. Staðreyndin er sú að fólk getur átt allt það sem ég taldi hér á undan en ekki upplifað hamingjuna ef hún kemur ekki innan frá. Ég þekki einstaklinga sem hafa skipti um maka eða vinnu, keypt nýtt hús, flutt í annað land o.s.frv. Allt til þess að leita að hamingjunni. Á sama tíma situr fólk þó uppi með sjálft sig. Það er ekki ábyrgð maka okkar, barna eða vina að gera okkur hamingjusöm. Hvað gerir ykkur hamingjusöm? Spurði ég börnin við matarborðið einn daginn. Svörin voru fjölbreytt: Lego, að baka, skoða bækur, spila körfubolta, vera í fótbolta, að borða, síðan segir yngsti drengurinn stuttu síðar „nú veit ég hvað gerir mig hamgjusaman“, fimleikar!

Já, málið er að rétt eins og við höfum misjöfn áhugamál þá eru það misjafnt hvað veitir okkur gleði. Ég gerði könnun á dögunum og spurði 15 mismunandi einstaklinga úr ólíkum aðstæðum í þjóðfélaginu hvað gerir þá hamingjusama. Svörin voru ólík og fjölbreytt. Rétt eins og einstaklingarnir eru ólíkir, það kemur ekki á óvart. Þú getur verið í draumastarfinu þínu og átt nóg af peningunum en samt ekki upplifað sanna hamingju. Þú getur líka verið amma sem vinnur við að elda mat í skóla með barnabarnið reifað á bakinu en samt hlegið og haft gaman af lífinu eins og konan í Afríkuríkinu Burkina Faso sem ég hitti fyrir nokkrum árum og er mér svo eftirminnileg. Þú getur kosið hamingjuna. Hamingjusamasta fólkið á ekki endilega alltaf mest af öllu heldur er þakklátt fyrir það sem það á og hefur. Eins og svörin sem ég fékk frá þessum 15 mismunandi eistaklingum gefa til kynna þá upplifir fólk oft hamingjuna þegar það er í núinu. Það gleymir jafnvel erfiðleikunum sem það er að ganga í gegnum um tíma og er þakklátt fyrir augnablikið sem það er að upplifa. Hvatning mín til þín er að reyna að koma auga á það jákvæða sem lífið býður upp á þessa dagana. Hamingjan er þín!

Kærleikskveðja, Gunna Stella

82% Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Fáðu tilboð í auglýsingar í s. 482 1944 eða á auglysingar@dfs.is.

Gunnar Gränz með málverkasýningu

Gunnar Gränz listmálari heldur málverkasýningu í Listagjánni á Bókasafni Árborgar, október og nóvember 2020.

Gunnar er fæddur í Vestmannaeyjum 1932 en flutti á Selfoss árið 1942 og hefur búið þar alla tíð síðan. Gunnar hefur aldrei gengið í listaskóla en lítur á sig sem alþýðulistamann sem lært hefur í skóla lífsins og sótt menntun til íslenskrar náttúru og annarra listamanna í landinu. Hann málar sér til ánægju og hefur haldið fjölda sýninga, bæði einn og með öðrum listamönnum, einnig var hann þátttakandi í Imago Mundi verkefninu, *Iceland/Boiling Ice*. Gunnar fékk Menningarviðurkenningu Sveitarfélagsins Árborgar árið 2016.

Sýningin er opin á afgreiðslutíma bókasafnsins. Allir hjartanlega velkomnir!

Verksmiðjustjóri lifrarbræðslu hjá Lýsi

Leitum að kröftugri manneskju með stjórnunarreynslu til að taka að sér verksmiðjustjórn í lifrarbræðslunni í Þorlákshöfn. Um er að ræða krefjandi og fjölbreytt starf með spennandi tækifærum.

Starfssvið:
- Rekstur, verkstjórn og starfsmannahald.

Hæfniskröfur:
- Vélakunnátta og gæðavitund kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð tölvukunnátta.

Hvetjum alla áhugasama til að sækja um.

Sótt er um á Alferð (www.alfred.is/starf/verksmidjustori-lifrarbraedslu-hja-lysi).

Hægt er að senda fyrirspurnir á starf@lysi.is

Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 18. nóvember 2020.

Lýsi er rótgróið fyrirtæki sem framleiðir heilsuvörur úr sjávarafurðum og á viðskipti við yfir 70 lönd. Starfsemin byggir á samhentu og jákvæðu starfsfólki sem hefur gæði og þjónustu að leiðarljósi. Hjá Lýsi starfar fjölbreyttur og skemmtilegur hópur starfsmanna og er það markmið Lýsis að gera starfsmenn þátttakendur í velferð fyrirtækisins og skapa þannig sterka liðsheild starfsmanna sem keppa að sama marki. Gildi Lýsis eru heiðarleiki, jákvæðni, ábyrgð og virðing. Höfuðstöðvar og lýsisverksmiðja eru í Reykjavík. Lýsi starfrækir lifrarbræðsluverksmiðju í Þorlákshöfn að Hafnarskeiði 28. Hjá lifrarbræðslunni starfa um 10 starfsmenn. Nánar um Lýsi á www.lysi.is.

LYSI

STARFSMAÐUR ÓSKAST Í SORPHIRÐU Í HVERAGERÐI

terra

Terra umhverfisþjónusta óskar eftir að ráða starfsmann í sorphirðu í Hveragerði.

Um er að ræða hlutastarf þar sem unnið er þriðju hverja viku frá kl. 7 til 15.

Upplýsingar gefur Hannes Örn Ólafsson, hannes@terra.is

VINDORKUGARÐUR Á GRÍMSSTÖÐUM Í MEÐALLANDI

Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun

Hafið er mat á umhverfisáhrifum vindorkugarðs á Grímsstöðum í Meðallandi.

Qair Iceland, framkvæmdaraðili verksins, fól ráðgjöfum Mannvits og Biotope að vinna mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Í drögum að tillögu að matsáætlun er fyrirhugaðri framkvæmd lýst og fjallað um þá umhverfisþætti sem teknir verða fyrir í mati á umhverfisáhrifum.

Vegna COVID-19 aðstæðna hefur fyrirhuguðum opnum kynningarfundi verið frestað.

Öllum er frjálst að senda inn ábendingar eða athugasemdir bréfleiðis á neðangreint póstfang eða með tölvupósti á netfangið haukur@mannvit.is.

Mannvit hf.
Haukur Einarsson
Urðarhvarfi 6
203 Kópavogi

Frestur til að gera athugasemdir er til 16. nóvember 2020.

Drög að tillögu að matsáætlun má nálgast á vefsíðu Mannvits (www.mannvit.is).

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Þrír í akademíuna gegnum Erasmus+ verkefni

KÖRFUBOLTI Þrír enskir strákar eru nú komnir á Selfoss til að nema við körfuboltaakademíu FSu og Selfoss-Körfu. Þetta er í þriðja sinn sem „Student Athlete Network“ hjálpar ungum körfuboltamönnum að komast í eftirsóttar akademíur utan landsteinanna á Erasmuns-styrk, fyrri tvö skiptin í Sunlive Basketball Academy í Portúgal en að þessu sinni var áfangastaðurinn Selfoss og samstarfsaðilarnir á hinum endanum Itchen College Basketball Academy og Myerscough College Basketball Academy í Englandi.

Strákarnir sem um ræðir eru Bradley Kaboza, Shaydon Eytle og Tyreese Hudson. Kaboza er 6’2 bakvörður, nýlega orðinn 19 ára gamall, Eytle er 6 feta bakvörður á 19. ári og Hudson 6’6 framherji á 20. ári. Jafnframt því að nema við akademíuna verða þeir í æfinga- og leikmannahópi félagsins í unglinga- og meistaraflokki.

Selfoss-Karfa fagnar síauknum áhuga á akademíunni og starfi félagsins, jafnt innanlands sem erlendis frá og býður þessa metnaðarfullu drengi velkomna til félagsins og í akademíuna og hlakkar til að vinna með þeim.

Ný námskeið í ungbarnasundi

SUND Ný námskeið í Guggusundi – ungbarnasundi hefjast fimmtudaginn 29. október, föstudaginn 30. október og laugardaginn 31. október. Kennt er einu sinni í viku í átta vikur.

Í boði eru námskeið fyrir ungbörn frá 7 mánaða aldri upp í byrjendahópa barna sem eru byrjuð í grunnskóla. Kennari er Guðbjörg H. Bjarnadóttir íþróttakennari.

Nánari upplýsingar má finna á heimsíðu Umf. Selfoss www.selfoss.net en skráningar og upplýsingar eru einnig á netfanginu guggahb@simnet.is og í síma 848 1626. Best er að skrá tímanlega því það er oftast fullbókað snemma.

Áheitaganga Kvenfélaga Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepps

Laugardaginn 24. október gengu félagskonur í Kvenfélögum Hraungerðis- og Villingaholtshreppa áheitagöngu. Gengið var milli félagsheimilanna í Flóahreppi, Félagslundar, Þjórsárvers og Þingborgar, alls 22 km leið.

Tilefni göngunnar var og er að safna fyrir Sjóðinn góða, sem er sjóður sem styrkir efnaminni fjölskyldur fyrir jólahátíðina.

Veður var heldur hvasst á hópinn en göngugarpar létu það ekki á sig fá og voru alls um 40 manns sem gengu leiðina að hluta eða heild, bæði börn og fullorðnir. Yngsti göngugarpurinn var 6 ára og sá elsti 77 ára, einnig voru tveir ferfætlingar með í för. Gangan hófst kl. 10 að morgni við Félagslund og lauk kl. 14:30 við Þingborg. Allir sem vildu máttu taka þátt og voru þó nokkrir fleiri en félagskonur sem mættu. Þökkum við öllum þeim sem sáu sér fært að ganga með okkur kærlega fyrir.

Þeir sem vilja leggja sitt af mörkum við að styrkja Sjóðinn góða hafa tækifæri til 31. október nk. Hægt er að leggja inn á reikning Kvenfélags Hraungerðishrepps 0152-05-262213, kt. 590592-2349 og skrifa „áheit“ sem skýringu. Framlög eru frjáls.

Kvenfélögin þakka kærlega þann hlýhug og velvild sem þessi fjáröflun hefur fengið og hlakka til að afhenda söfnunarféð til Sjóðsins góða.

Gleraugnasöfnun Lionsklúbbsins Emblu

Nú stendur yfir gleraugnasöfnun Lions til aðstoðar þeim sem ekki geta keypt sér gleraugu. Söfnunarkassi er í Bónus á Selfossi, við inngangsinn inn í verslunina. Þar getur fólk losað sig við gömul gleraugu sem geta komið að góðum notum og gefið öðrum sjón.

Netverslun Sólheima farin í loftið

Helga Þórunn markaðsstjóri Sólheima hefur haft í mörgu að snúast á tímum Covid-19 en hún stóð meðal annars að því að gera vörur Sólheima aðgengilegar á netinu. Sólheimar hafa alla tíð lagt mikla áherslu á handverk, notkun náttúrulegs hráefnis, endurnýtingu og endurvinnslu. Allar vinnustofur Sólheima hafa þetta að leiðarljósi um leið og þær bjóða íbúum Sólheima fjölbreytt störf þar sem skapaðar eru fallegar og handgerðar vörur. Sólheimavörur hafa ávallt verið vinsælar, en á skrítnum tímum í Covid-19 datt okkur í hug að setja upp vefverslun sem hefur farið ótrúlega vel af stað og geta nú allir keypt Sólheimavörurnar í gegnum netið og fengið sent heim. Til þess að nálgast vefverslunina er best að fara í gegnum heimasíðu Sólheima, solheimar.is.

Bókabúð Gulla á Sólheimum sannkölluð gullnáma

Gunnlaugur Ingimarsson íbúi á Sólheimum opnaði bókamarkað á Sólheimum árið 2019 undir nafninu „Bókabúð Gulla“. Bókabúð Gulla selur gamlar og nýjar bækur, DVD-diska og geisladiska, en áherslan er á að gefa notuðum hlutum nýtt líf. Bókabúð Gulla *„er algjör gullnáma fyrir gramsara.“* Gulli fylgist vel með á netinu þegar það er verið að gefa gamlar bækur eða DVD-myndir. Gulli á sjálfur hugmyndina að bókaversluninni og hefur hún vaxið og dafnað ótrúlega hratt og hefur nú þegar marga fasta viðskiptavini, og er sérstaklega vinsæl meðal íbúa Sólheima.

Gulli fylgist vel með á Facebook og á netinu og er afar þakklátur því góða fólki sem leggur sig fram að gefa markaðnum hluti sem það þarf ekki að nota lengur. Hann selur þá aftur á sanngjörnu verði og allir eru ánægðir.

„Hér á milli leynast ótrúlegustu hlutir,“ segir Gulli. „Fágætar bækur, plötur eftir heimsfræga listamenn og sígildar DVD-myndir, fólk þarf bara að grúska og skemmta sér við leitina“ en bæði á pósthúsinu og í Bókabúð Gulla er boðið upp á þægilega sófa og kaffibolla. „Hingað eru allir velkomnir, bæði til að versla og ef einhver vill gefa gamlar bækur eða DVD-myndir sem safna ryki.“

ÍBÚAFUNDUR

Heildarendurskoðun aðalskipulags Árborgar

Sveitarfélagið ÁRBORG

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar boðar til opins kynningarfundar um heildarendurskoðun aðalskipulags Árborgar. Fundurinn verður haldinn 3. nóvember nk. og hefst kl. 17:00. Fundinum verður streymt og fyrirspurnir leyfðar. Nánara fyrirkomulag fundarins verður kynnt á heimasíðu Sveitarfélagsins, www.arborg.is.

Minjastofnun Íslands

auglýsir eftir umsóknum um styrki úr

húsafriðunarsjóði

fyrir árið 2021

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, og öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016 um verndarsvæði í byggð og til verkefna innan verndarsvæða í byggð.

Umsóknir eru metnar m.a. með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis fyrir varðveislu byggingararfleifðarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á vef Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2020. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun styrkja.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um verndarsvæði í byggð og um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa sem finna má á vef Minjastofnunar Íslands (undir Gagnasafn). Í Húsverndarstofu í Árbæjarsafni er veitt endurgjaldslaus ráðgjöf um gerð styrkumsókna og viðhald og viðgerðir á gömlum húsum (sjá nánar á heimasíðu safnsins www.borgarsogusafn.is).

Minjastofnun Íslands

Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
husafridunarsjodur@minjastofnun.is

Sveitarfélagið ÁRBORG

Tvær stöður aðstoðarleikskólastjóra

Leitað er að áhugasömum og metnaðarfullum stjórnendum með leikskólakennararéttindi og stjórnunarreynslu. Í Sveitarfélaginu Árborg búa rúmlega 10 þúsund manns og lögð er áhersla á öflugt skóla- og frístundastarf og góða velferðarþjónustu. Skólar og aðrar deildir fjölskyldusviðs vinna að því að styrkja heildstæða nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Þá er áhersla lögð á snemmtækan stuðning, góð tengsl skóla og skólastiga og skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdómssamfélagsins. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingum sem búa yfir leiðtogahæfni og mikilli reynslu og þekkingu á skólastarfi. Ráðið verður í stöðurnar frá 1. febrúar 2021 eða eftir samkomulagi.

Aðstoðarleikskólastjóri Goðheima

Goðheimar er nýr sex deilda leikskóli á Selfossi sem áætlað er að opna í mars 2021. Aðstoðarleikskólastjóri mun m.a. taka þátt í undirbúnings- og stefnumótunarvinnu með leikskólastjóra.

Aðstoðarleikskólastjóri Brimvers/Æskukots

Leikskólinn Brimver/Æskukot er fjögurra deilda leikskóli með starfsstöðvar á Eyrarbakka og Stokkseyri. Skólinn vinnur eftir Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur og Grænfánans og unnið er að innleiðingu á heilsueflandi leikskóla. Gert er ráð fyrir að aðstoðarleikskólastjóri hafi faglega yfirumsjón með stoðþjónustu skólans.

Meginverkefni aðstoðarleikskólastjóra

- Staðgengill leikskólastjóra og ábyrgð á rekstri í samráði við hann
- Dagleg stjórnun og skipulagning skólastarfsins í samráði við leikskólastjóra
- Ráðgjöf til starfsmanna að höfðu samráði við leikskólastjóra
- Uppeldi og menntun leikskólabarna
- Veita foreldrum/forráðamönnum barna stuðning, fræðslu og ráðgjöf
- Þátttaka í stefnumörkun skólans ásamt stjórnunarteymi og öðru samstarfsfólki

Menntunar- og færniskröfur

- Leikskólakennararéttindi áskilin
- Framhaldsmenntun í stjórnun og/eða kennslufræðum er mikill kostur
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Leiðtoga- og skipulagshæfileikar
- Þekking og reynsla af rekstri og stjórnun er skilyrði
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Frekari upplýsingar

Umsóknarfrestur er til 15. nóvember 2020. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ v/FSL. Starfshlutfall er 100%. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins. Nánari upplýsingar v/starfs aðstoðarleikskólastjóra Goðheima veitir Sigríður Birna Birgisdóttir, leikskólastjóri, sigridurb@arborg.is. sími 480 6352 og 480 3272.

Upplýsingar v/starfs aðstoðarleikskólastjóra Brimvers/Æskukots veitir Birna Guðrún Jónsdóttir, leikskólastjóri, birnagj@arborg.is, sími 480 6372.

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið og framtíðarsýn umsækjanda varðandi þróun skólastarfs. Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins http://starf.arborg.is/.

Daði Freyr keppir í Eurovision fyrir hönd Íslands

Tónlistarmaðurinn og Sunnlendingurinn Daði Freyr Pétursson keppir fyrir Íslands hönd í Eurovision-söngvakeppninni í Rotterdam í maí. RÚV leitaði til Daða Freys sem samþykkti að semja lag í keppnina. Lagið Think About Things með Daða og Gagnamagninu sigraði Söngvakeppnina 2020 en vegna COVID-19 var hætt við Eurovision sem átti að fara fram í Rotterdam. Lagið sló þó heldur betur í gegn en það hefur nú þegar þetta er skrifað verið spilað tæplega 55 milljón sinnum á Spotify. Lagið vann áhorfendaverðlaunin í mörgum löndum Evrópu, m.a. í öllum hinum norrænu löndunum.

Það eina rétta í stöðunni

Skarphéðinn Guðmundsson dagskrárstjóri RÚV er ánægður með að Daði Freyr hafi þekkst boðið um að taka aftur þátt. „Daði sigraði Söngvakeppnina 2020 með yfirburðum og viðtökurnar við íslenska framlaginu hafa aldrei verið svona góðar. Við erum því afar ánægð og stolt af því að geta sent þennan frábæra tónlistarmann og hans fólk út eins og til stóð að gera síðast. Auðvitað þurfti að skoða margt þegar þessi ákvörðun var tekin en eftir mikla umhugsun fannst okkur þetta það eina rétta í stöðunni, ekki síst í ljósi hinnar fordæmalausu stöðu sem upp kom í ár að engin Eurovision-keppni hafi verið haldin í fyrsta skipti í sögunni. Okkur fannst það bæði rétt og sanngjarnt," segir Skarphéðinn og bætir við: „Við teljum að þjóðin vilji eindregið að Daði og Gagnamagnið keppi fyrir okkar hönd í þessari keppni. Auk þess er óvissan svo mikil í dag að það er ekki einu sinni víst að við getum haldið Söngvakeppni í febrúar með almennilegum hætti."

Mest gaman að vinna

Daði Freyr er afar spenntur fyrir því að fá að standa á Eurovision-sviðinu: „Ég er mjög spenntur fyrir þessu. Ástæðan fyrir því að ég keppti í Söngvakeppninni 2020 var til að prófa að fara með Gagnamagnskrökkunum að upplifa Eurovision innan frá. Við stefndum alltaf að því að sjá hversu langt við gætum komist í keppninni og það verður eins á næsta ári. Allt Gagnamagnið verður með. Aðalatriðið í þessu er að það verði gaman en ég held að það sé mest gaman að vinna. Nú vona ég bara að það verði haldin alvöru keppni," segir hann. En er hann búinn að semja lagið? „Ég er kominn með nokkrar pælingar varðandi lagið en ekkert sem er ákveðið. Ég veit reyndar hvernig tónlistarmyndbandið verður og er með nokkur lykilatriði sem þurfa að koma fram í sviðsetningunni, svo ég mun semja lagið í kringum það. Ég mun reyna að semja lag sem passar við atriðið en ekki öfugt, Júró er alveg sér dæmi. En þetta verður stuðlag, það er alveg á hreinu. Allt sem er gaman!"

Vegleg tónlistardagskrá í undirbúningi

Það er því ljóst að það verður engin Söngvakeppni á næsta ári. Keppnin hefur verið með allra stærstu sjónvarpsviðburðum landsins síðustu ár en Skarphéðinn biður aðdáendur keppninnar að örvænta ekki. „Við verðum að sjálfsögðu með öfluga tónlistardagskrá í febrúar og mars, á þeim tíma sem Söngvakeppnin hefði farið fram og sú dagskrá mun að einhverju leyti tengjast Söngvakeppninni og Eurovision," segir hann. Þegar er hafinn undirbúningur að veglegri dagskrá þar sem tónlist og skemmtun verða í öndvegi. Eurovision-söngvakeppnin verður í Rotterdam 18., 20. og 22. maí 2021.

Krabbameinsfélag Árnessýslu komið í eigið húsnæði

Í tæplega fimmtíu ára sögu Krabbameinsfélags Árnessýslu, er starfsemi þess nú í fyrsta sinn í eigin húsnæði. Er um mikilvægt framfaraskref að ræða sem eykur sýnileika og aðgengi að félaginu. Húsnæðið, sem tekið er á leigu til langtíma, fékkst afhent þann 1. október sl. og hófust strax heilmiklar endurbætur og breytingar á húsnæðinu. Unnið var frá morgni og langt fram á kvöld í tæpar tvær vikur, allir sem gátu lögðu sitt af mörkum og gáfu vinnu sína til félagsins. Við leyfum myndunum að tala sínu máli en hvetjum alla til að koma í heimsókn að skoða aðstöðuna og kynna sér starfsemi félagsins um leið. Fasta opnunartíma má finna á heimasíðu og Facebook-síðu félagsins, Krabbameinsfélag Árnessýslu. Einnig er hægt að hafa samband í síma 788 0300.

Tæplega 50 einstaklingar þreyttu próf til slökkviliðsmanns

Það var mikið um að vera við Stóra hól eða Fjallið eina á Selfossi laugardaginn 24. október sl. Þar stóðu yfir inntökupróf hjá Brunavörnum Árnessýslu. Fyrir verðandi slökkviliðsmenn var búið að leggja ýmsar þrautir sem þurfti að leysa. Fyrst var gengið upp hólinn með þungar byrðar, bæði brúsa fyllta vatni og bakpoka með upprúllaðri brunaslöngu. Að því loknu var brúðu bjargað úr bruna, gengið með þungan búnað, armbeygjur, lyftur og fleira. Næst var bundið fyrir augu og einstaklingar blindaðir. Þannig þurftu þeir að fikra sig áfram í gegnum skóginn við Gesthús eftir bandi sem endaði á að koma sér inn í þröngt rör og út á hinum endanum. Á meðan þessu stóð þurftu þátttakendur að svara spurningum um hin ýmsu málefni. Áður en farið var í síðasta hluta verkefnisins var farið upp í körfubíl í hæstu stöðu og lofthræðsla könnuð. Síðasti hluti verkefnisins var að fara í yfirheyrslu hjá stjórnendum Brunavarna Árnessýslu. Að sögn Péturs Pétursonar, slökkviliðsstjóra gekk dagurinn vonum framar. „Það er ánægjulegt að sjá hvað margir tóku þátt. Sérstaklega var þó ánægjulegt að sjá hve margar konur tóku þátt og skiluðu sínu ekki síður en strákarnir. Í heildina tókst dagurinn vel og nú fara þeir sem sluppu hér í gegn áfram í frekari prófanir og skoðanir.“

Sveitarfélagið ÁRBORG

Aðstoðarskólastjóri Stekkjaskóla

Vilt þú taka þátt í því að byggja upp skólastarf í nýjum grunnskóla á Selfossi?

Stekkjaskóli auglýsir eftir aðstoðarskólastjóra frá og með 1. mars 2021. Skólinn tekur til starfa næsta haust með um 150 nemendum í 1. – 4. bekk en fullbyggður verður hann fyrir 500 nemendur í 1. – 10. bekk.

Í Stekkjaskóla verður lögð áhersla á teymiskennslu, teymisvinnu, fjölbreytta kennsluhætti og jákvæðan skólabrag. Aðstoðarskólastjóri mun taka þátt í stefnumörkun skólans sem tekur meðal annars mið af menntastefnu Árborgar sem byggir á hugmyndinni um skólann sem lifandi lærdómssamfélag.

Sveitarfélagið Árborg er ört stækkandi þar sem áhersla er lögð á öflugt skóla- og frístundastarf og góða velferðarþjónustu. Skólar og aðrar deildir fjölskyldusviðs vinna að því að styrkja heildstæða nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Nánari upplýsingar um sveitarfélagið, fjölskyldusvið og skólaþjónustu Árborgar má finna á www.arborg.is.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfni og hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi og framsækna skólasýn.

Meginverkefni:
- Staðgengill skólastjóra
- Vinnur ásamt samstarfsfólki að stefnumörkun skólans
- Veitir faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Kemur að skólanámskrárgerð og innra mati
- Vinnur ásamt skólastjóra að daglegri stjórnun skólans og skipulagningu skólastarfsins

Menntunar- og hæfnikröfur:
- Leyfisbréf grunnskólakennara og kennslureynsla í grunnskóla
- Framhaldsmenntun í stjórnun eða uppeldis- og kennslufræði er mikill kostur
- Þekking og reynsla af rekstri og stjórnun er æskileg
- Leiðtogahæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun er skilyrði
- Þekking á teymiskennslu og sveigjanlegu skólastarfi er mikill kostur
- Jákvæðni og góð færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Frekari upplýsingar
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ v/SÍ. Starfshlutfall er 100%. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.
Nánari upplýsingar veitir Hilmar Björgvinsson skólastjóri, netfang hilmarb@arborg.is , sími 863 0922. Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, getur einnig veitt upplýsingar um skólann, netfang thorsteinnhj@arborg.is, sími 480 1900.

Umsóknarfrestur er til 15. nóvember 2020.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið og framtíðarsýn umsækjanda varðandi þróun skólastarfs. Skila skal umsókn í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins, www.starf.arborg.is.

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl.11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 10:30-11:30 Sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 Fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

TAPAÐ/FUNDIÐ

Hálsmen tapaðist
Hálsmen (alzheimermerkið) úr stáli tapaðist á Stokkseyri þann 16. okt. Sími 869 0821.

BÍLAR

KLETTUR ehf.
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069
HEKLA

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar – Réttingar
Bílamálun – Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

HEILSA

Nudd – Svæðanudd
Dáleiðsla
Augnlestur og heilsuráðgjöf
Einföld en áhrifarík ráð við ýmsum heilsuvandamálum
Alla fimmtudaga í Heilsulindinni Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.
Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

TIL LEIGU

Íbúð til leigu í Hveragerði
Ný stúdíóíbúð til leigu í Hveragerði. Leigist með húsgögnum og heimilistækjum, ef fólk vill. Laus 1. nóvember. Nánari uppl. í síma 860 1957.

Íbúðir til leigu
Erum með lausar íbúðir til leigu á Laugarvatni. Stærðir 60 – 80 fm. Frekari upplýsingar fást hjá Laugarvatn Fontana í síma 663 9400.

Rjúpnaveiðitímabilið að hefjast – stofninn sá minnsti síðan mælingar hófust

Rjúpnaveiðitímabilið hefst sunnudaginn 1. nóvember næstkomandi. Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur gefið út að veiðitímabilið vari frá 1. - 30. nóvember sbr. reglugerð í fyrra. Heimilt verður að veiða fimm daga í viku, en veiðibann er á miðvikudögum og fimmtudögum.

Fyrirkomulag veiðanna sem ákveðið var árið 2019 er því óbreytt og byggir á mati Náttúrufræðistofnunar Íslands á veiðiþoli rjúpnastofnsins í ár. Veiðistofninn nú er einn sá minnsti síðan mælingar hófust árið 1995. Aðeins einu sinni áður, 2002, hefur veiðistofninn verið metinn viðlíka lítill.

Mikilvægt að veiðimenn gæti hófsemi

„Af þeim sökum er mjög mikilvægt að veiðimenn gæti hófsemi í veiðum og þá sérstaklega á Norðausturlandi," segir Bjarni Pálsson, teymisstjóri hjá Umhverfisstofnun, um fyrirkomulagið. „Við minnum líka á sölubannið, við munum fylgja því eftir að bannið verði virt eins og undangengin ár. Vegna þess hve viðkvæmur stofninn er, höfðum við til ábyrgðar veiðimanna og við höfum fulla trú á að þeir standist prófið."

Stefna stjórnvalda er að nýting rjúpnastofnsins, eins og annarra auðlinda, sé sjálfbær. Til að vinna að sjálfbærri veiðistjórnun eru stundaðar rannsóknir og vöktun á stofninum. Veiðimenn eru sérstaklega beðnir um að gera hvað þeir geta til að særa ekki fugl umfram það sem þeir veiða m.a. með því að ljúka veiðum áður en rökkvar. Verndarsvæði verður á SV-landi eins og undanfarin ár.

Steypt slitlag á brú yfir Steinavötn

Steypt slitlag var lagt út á nýja brú yfir Steinavötn í Suðursveit um helgina. Steypta slitlagið er 50 mm þykkt og um 100 MPa að styrk. Það eru Ólafur Wallevik og starfsmenn RB á Nýsköpunarmiðstöð Íslands, ásamt Helga Ólafssyni brúarhönnuði hjá Vegagerðinni, sem í sameiningu hafa þróað þetta steypta slitlag á brýr. Steypan er einstök á heimsvísu því hún er sjálfpakkandi, frekar stíf og notaður er seigjumælir til að stýra framleiðslu. Meðal helstu kosta slitlagsins eru að það er þéttara en venjuleg steypa. Það hleypir síður vatni og salti í gegn, þá er það góð vörn fyrir burðarsteypu yfirbyggingar, uppspennukapla og járnbendingu. Slitsterk steypa hefur meðal annars verið notuð á eftirfarandi brýr með góðum árangri: Arnarnesbrú, Borgarfjarðarbrú, Blöndubrú, Bæjarháls, Miðfjarðará, Sogsbrú og Ölfusárbrú.

Brúin yfir Steinavötn í Suðursveit eyðilagðist í flóðum í lok september 2017 þegar áin gróf undan einum stöpli brúarinnar. Brúin var metin ófær bílum og á örfáum dögum var reist bráðabirgðabrú yfir ána. Smíði nýrrar brúar yfir Steinavötn var boðin út haustið 2019 en þá bárust engin tilboð. Útboð fór fram að nýju um haustið og bárust þá níu tilboð. Það lægsta frá ÍSTAKI hf. sem sér um smíði brúarinnar.

Framkvæmdir á verkstað hófust í mars á þessu ári. Yfirbygging brúarinnar var steypt í lok september, uppspennu var lokið viku síðar. Nokkrum vikum síðar var síðan óhætt að setja steypt slitlag á hrjúft steypt burðarlagið.

Verklok á brúnni yfir Steinavötn eru áætluð 24. nóvember þegar stefnt er á að hleypa umferð yfir brúna.

TIL SÖLU

Bókaskápur til sölu
Stór bókaskápur til sölu. Skápurinn er settur saman úr tveimur hlutum, hægt að nota saman eða í sitthvoru lagi. Er í góðu ástandi. Efri hluti er með glerrennihurðum. Breidd: 180 cm. Hæð: 220 cm. Dýpt: 45 cm. Tilboð óskast. Nánari uppl. á bjorgvinrunar@gmail.com.

Nagladekk til sölu
4 stk. nagladekk á felgum. Voru undir Yaris. Stærð 175/65/14. Uppl. í síma 897 6506.

Heimasíða Skaftárhrepps í andlitslyftingu

Klaustur.is, sem er vefur Skaftárhrepps, hefur heldur betur fengið upplyftingu. Samþykkt var af sveitarstjórn í upphafi árs 2020 að leita tilboða í að setja upp nýjan vef. Kynningarfulltrúi Skaftárhrepps var fenginn til að leita tilboða. „Gott tilboð barst frá Stefnu og hef ég unnið með þeim að hönnun og svo flutningi efnis af gamla vefnum yfir á þann nýja. Flutningi er ekki alveg lokið. Fundargerðir koma inn allra næstu daga og nokkur önnur atriði á eftir að laga," segir Lilja Magnúsdóttir, kynningarfulltrúi Skaftárhrepps.

Hvað ef við sameinumst?

Spurt var hversvegna verið væri að gera nýjan vef þegar verið er að ræða um að sameina Skaftárhrepp öðrum hreppum. „Við ætlum kannski að sameinast, en það gerist í fyrsta lagi eftir tvö ár. Þangað til þurfum við góðan vef. Við ætlum líka að halda áfram að vera Skaftfellingar, Meðallendingar, Álftveringar og fólkið á Klaustri. Við ætlum ekki að flytja neitt. Við þurfum áfram að segja fréttir og deila upplýsingum fyrir þá sem hér búa. Við viljum deila myndum af okkar fallegu sveit, segja frá 17. júní hátíðarhöldum, árshátíðinni í grunnskólanum, tónleikum, gönguferðum, jeppaferðum og uppátækjum," segir Lilja að lokum.

LJÓSMYNDAPRENTUN

PRENTAÐU MINNINGARNAR ÞÍNAR HJÁ OKKUR!

Sendu myndirnar í tölvupósti
eða komdu með þær á USB-lykli
og við prentum þær fyrir þig!

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar skipulagslýsingar eftirfarandi skipulagsáætlana.

1. **Stekkatún 1 L222637 og 5 L224218 - Breytt landnotkun - Aðalskipulagsbreyting**
   Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. október að kynna lýsingu fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í breytingunni felst að frístundasvæði er breytt í landbúnaðarland að hluta.

2. **Hraunhólar L166567 Íbúða- og frístundabyggð - Stækkun svæðis og fjölgun lóða - Aðalskipulagsbreyting**
   Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum, þann 30. september, að kynna lýsingu aðalskipulagsbreytingar vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í breytingunni felst skilgreining nýs íbúðarsvæðis sem verður um 12 ha fyrir 8 lóðir auk skilgreiningar á svæði fyrir 3 nýjar frístundalóðir sem hver um sig getur verið um 0,5 ha.

3. **Heiðarbrún 2-10 í landi Bjarnastaða 1 – Breytt landnotkun – Aðalskipulagsbreyting**
   Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. október að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í tillögunni felst breyting á landnotkun stakrar lóðar í jaðri frístundasvæðis F51a. Svæðið breytist úr frístundasvæði í landbúnaðarsvæði. Fyrirliggjandi svæði er óbyggt og liggur að landbúnaðarlandi. Umfang breytingar hefur minnkað frá áður kynntri lýsingu verkefnisins.

4. **Kílhraun land L191805 – Breytt landnotkun – Aðalskipulagsbreyting**
   Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. október að kynna lýsingu aðalskipulagsbreytingar vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í breytingunni felst að landnotkun lóða við Áshildarveg 2-26 í landi Kílhrauns breytist úr frístundabyggð í íbúðabyggð.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

5. **Brúarhvammur L167071 - Hótelbygging og smáhýsi – Deiliskipulag**
   Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. október að kynna deiliskipulag í landi Brúarhvamms L167071. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarreita og skipulagsskilmála fyrir hótel og gistihús. Samkvæmt deiliskipulagi verður heimilt að byggja allt að 100 herbergja hótel ásamt veitingastað. Hótelið yrði á 2 hæðum og allt að 3000 fm að stærð. Einnig verði heimilt að byggja allt að 10 gistihús, hvert gistihús verður allt að 45 fm að stærð.

6. **Kílhraun land L191805 – Breytt landnotkun – Deiliskipulagsbreyting**
   Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. október að kynna lýsingu deiliskipulagsbreytingar að Kílhrauni. Í breytingunni felst að landnotkun lóða við Áshildarveg 2-26 í landi Kílhrauns breytist úr frístundabyggð í íbúðabyggð.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

7. **Mörk L191428 - Aukin byggingarheimild og breytt stærð lóða - Deiliskipulagsbreyting**
   Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 30. september deiliskipulagsbreytingu að Mörk L191428. Í breytingunni felst breytt stærð tveggja lóða af þremur og að heimilt verði að byggja allt að 45 fm gestahús/vinnustofu á öllum lóðum til viðbótar við þá byggingarheimild sem fyrir er.

8. **Röðull L198895 – Deiliskipulag**
   Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. október deiliskipulag á lóð Röðuls L198895. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining lóðar og byggingarreitar auk byggingarheimilda innan lóðar. Á lóðinni er gert ráð fyrir að samanlögð hámarksstærð gólfflata megi vera allt að 200 m^2 og mænishæð megi vera allt að 6 metrar.

9. **Neðra-Holt L223498 – Byggingareitir fyrir íbúðarhús og útihús – Deiliskipulag**
   Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. október deiliskipulag að Neðra-Holti L223498. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining fjögurra byggingarreita fyrir íbúðarhús, gestahús, hesthús og vélageymslu.

10. **Snorrastaðir II – Stóruskógar – Deiliskipulagsbreyting**
    Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. október breytingu á deiliskipulagi að Stóruskógum, Snorrastöðum II. Í deiliskipulagsbreytingunni felst breyting á legu og stærð lóða við Lækjarbraut og Stóruskógarbraut

11. **Sogsvegur 18 L169548 – Norðurkot, Skipting lands – Deiliskipulagsbreyting**
    Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. október breytingu á deiliskipulagi að Sogvegi 18, Norðurkoti. Tillagan er í samræmi við fyrirliggjandi samning landeigenda er varðar skiptingu landsins skv. dómi Hæstaréttar þ. 16. 01. 2018.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: www.asahreppur.is, www.blaskogabyggd.is, www.gogg.is, og www.skeidgnup.is

Mál 1-6 eru í kynningu frá 28. 10. 2020 til og með 18. 11. 2020 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 18. 11. 2020

Deiliskipulagstillögur eru auglýstar með athugasemdafresti frá 28. 10. 2020 til og með 11. 12. 2020. Athugasemdir og ábendingar skulu berast eigi síðar en 11. 12. 2020.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson,
skipulagsfulltrúi UTU.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2570 Miðvikudagur 28. október 2020

Þollóween í Þorlákshöfn haldin í þriðja sinn

Íbúar í Ölfusinu munu halda skammdegishátíðina Þollóween í þriðja sinn. Hátíðin verður með öðru sniði en venjulega þar sem gert er ráð fyrir að áhrifa kórónuveirunnar gæti enn í samfélaginu. Við höfðum samband við Ásu Berglindi Hjálmarsdóttur og ræddum við hana um hátíðina.

Hvernig var að koma hátíðinni saman í skugga sóttvarnaráðstafana?

Það var áskorun að koma hátíðinni saman í ár, enda ganga hátíðir oftast út á það að hittast og eiga þannig saman góðar stundir með hvert öðru. En hópurinn sem stendur að hátíðinni er bæði skapandi og lausnamiðaður svo við fundum leiðir til að búa til viðburði sem fjölskyldur geta notið saman án þess að vera í samskiptum við aðra. Við erum líka í góðu samstarfi við Grunnskólann í Þorlákshöfn og leikskólann Bergheima þar sem börnin mæta í búningum, kennarar nýta vikuna í þemavinnu tengdri hrekkjavökunni og brjóta upp hversdagsleikann.

Dagskráin er spennandi. Hvað er það helsta sem verður í boði?

Það verður mikið af ólíkum viðburðum til dæmis bíósýningar, bæði í félagsmiðstöðinni og einnig bílabíó þar sem fjölskyldumyndin Hocus Pocus og hryllingsmyndin Scream verða sýndar. Í Skrúðgarðinum opnar Draugagarður miðvikudaginn 28. október og verður opinn fram á laugardag þar sem verða ýmsir hræðilegir hlutir og skelfilegar þrautir sem börnin leysa með foreldrum sínum. Þá ætlum við líka að nýta okkur beint streymi í gegnum Facebook-síðu Þollóween, fyrst á þriðjudagskvöldinu þar sem Leikfélag Ölfuss flytur draugasögu og svo aftur á laugardagskvöldinu þegar Hljómlistarfélag Ölfuss stendur fyrir tónleikum þar sem fjölmargt heimafólk stígur á stokk. Þetta er aðeins brot af dagskránni sem stendur yfir í viku og hvet ég áhugasama til að kynna sér málið inn á Facebook-síðunni Þollóween.

Hvernig er stemningin fyrir því að halda hátíðina í ár?

Stemningin er alveg einstaklega góð. Við finnum vel fyrir því hvað íbúar eru glaðir að fá eitthvað annað að tala um en covid og að það sé eitthvað sem hægt er að láta sig hlakka til að taka þátt í. Sjálf er ég að vinna í skólanum og þar er eftirvæntingin gríðarleg hjá krökkunum, ég held svei mér þá að þau séu orðin spenntari fyrir Þollóween vikunni heldur en jólunum.

Ef við rifjum upp sögu hátíðarinnar, hvernig kom hún til?

Saga hátíðarinnar hófst fyrir þremur árum og á rætur sínar að rekja til foreldrafélags Grunnskólans í Þorlákshöfn sem ákvað að nýta hrekkjavökuna og búa til úr henni hátíð. Þá var Þollóween strax mjög vel tekið og því ekki spurning um að halda áfram ári síðar og nú er þriðja árið í röð sem við blásum til viku skammdegishátíðar hér í Þorlákshöfn. Frá upphafi hefur hópurinn verið samsettur af skapandi kraftmiklum konum sem vinna alla þessa vinnu í sjálfboðastarfi, en hátíðin er fjármögnuð með styrkjum. Sveitarfélagið Ölfus styður vel við bakið á hátíðinni í ár. Þess má geta að Foreldrafélag Grunnskólans í Þorlákshöfn fékk Hvatningaverðlaun Heimilis og skóla árið 2019 fyrir Þollóween.

Ertu búin að velja þér búning og þema?

Já, ég ætla að vera hræðileg norn og hlakka mikið til að hitta krakkana í skólanum daginn sem allir koma í búningum, þá verður fjör!

Hvernig hátíð er Þollóween?

Þollóween er fyrst og fremst skelfileg fjölskylduhátíð en markmiðið með hátíðinni er að búa til vettvang fyrir fjölskyldur til að eiga góðar stundir saman og gera myrkrinu og ævintýrunum sem þar búa hátt til höfuðs með viðburðum sem kosta ekki krónu.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

HREINGERNINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi
fyrir hótel og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

Réttingar og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími
25 ára

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
- þar sem fagmennirnir vinna
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Fæst hjá
BYKO Selfossi

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Hafðu samband
Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

Jiiibbiii
Siggaferdir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

FYLGD
Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson

Svanhildur Eiríksdóttir

Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is